

MINNISBLAÐ

Fyrirspurnir og svör

Hér eru lagðar fram þær fyrirspurnir sem hafa borist eftir að fyrstu fyrirspurnum var svarað 25. maí vegna forvals að samkeppni um listaverk við nýjan Landspítala. Skilafrestur fyrirspurna var 2. júní og er þeim fyrirspurnum sem bárust fyrir lok þess frests hér með svarað.

Áríðandi tilkynning til þeirra sem hyggjast sækja um:

Þó lesa megi úr auglýsingu vegna forvalsins að umsækjendur skuli skila inn lauslegri tillögu að listaverki þá er það ekki skilyrt sem hluti af umsókn.

Verkkaupi minnir á að skilafrestur umsókna um þátttöku er 9. júní 2023 kl. 16:00.

Fyrirspurn nr. 1

Þar sem myndefni er dálítið misvísandi, geri ég mér ekki alveg grein fyrir hversu mikilli bílaumferð er gert ráð fyrir á torginu.

Það er auðvitað skýrt að ekið verður að og frá bílakjallaranum, en hversu mikilli umferð er gert ráð fyrir annarsstaðar, og þá hvar. Í einni af meðfylgjandi myndum standa bílar að því er virðist úti á miðju torgi. Er hægt að fá upplýsingar um hvar á torginu verður ekið og hvar ekki?

Svar: Eins og fram kom í fyrri hluta fyrirspurna og svara er hönnun á yfirborði torgsins ekki endanlega lokið og var umsækjendum bent á að sækja frekari hönnunargögn – sem eru í vinnslu – til trúnaðarmanns óski þeir þess. Þar má sjá nánari teikningar af fyrirkomulagi torgsins sem eins og áður segir er enn í vinnslu.

Samkvæmt umferðarhermun sem gerð hefur verið fyrir svæðið má gera ráð fyrir að 4.500-4.600 ökutæki fari um gatnamótin inn á Sóleyjartorg á sólarhring. Þessar tölur miða við mesta álag. Ekki hefur verið skilgreindur munurinn á þeim sem aka niður í bílakjallara og þeirra sem munu nýta sleppistæði á Sóleyjartorgi.

Fyrirspurn nr. 2

er öll hönnun sem er fyrir í renderunum alveg ákveðin? Eða má velja staðsetningu fyrir verkið þar sem t.d. bekkirnir eru?

Hvaða glerrými er þetta á miðju torgsins? Er þetta tenging við bílastæðahús?

Svar: „Glerrýmið“ er lyftu- og stigahús sem tengir Sóleyjartorg við bílakjallara. Þetta lyftu- og stigahús er ekki færnanlegt en útlit og útfærsla þess hefur ekki verið endanlega ákveðin og er þar mögulega tækifæri til að leggja listaverk inn í arkitektúr. Annað sem sýnt er á teikningum og renderingum er ekki fullmótað og verður unnið áfram að listsköpun samhliða lokahönnun á yfirborðsfrágangi Sóleyjartorgs.

Fyrirspurn nr. 3

1. Er bílakjallari undir Sóleyjartorgi?.
2. Ef svo er, hversu þykk er palatan?.

Svar: Já, það er bílakjallari undir Sóleyjartorgi á 2. hæðum og rampur af Sóleyjartorgi niður í hann. Platan er 400mm að þykkt og reiknað er með að yfirborðsfrágangur þar ofan á verði annað eins eða svipað.

Fyrirspurn nr. 4

Ein spurning í viðbót ...hverjir skipa forvalsnefnd?

Svar: Eftirtaldir aðilar skipa forvalsnefnd:

Sigurður H. Helgason, í stjórn NLSH, formaður forvalsnefndar

Dorothee Kirch, fulltrúi Reykjavíkurborgar

Póra Þórisdóttir, fulltrúi SÍM.

Fyrirspurn nr. 5

Hvað er húsveggur meðferðarkjarna hár sem snýr að Sóleyjartorgi. Hvað er anddyri meðferðarkjarna hátt sem snýr að Sóleyjartorgi.

Eg óska eftir sniðmynd af veggnum, málsettum. Einnig óska ég eftir pdf teikningu af torginu og húsveggjum sem snúa að því.

Svar: Húsveggur meðferðarkjarna sem snýr að Sóleyjartorgi er rúmir 25 metrar að hæð og anddyrisbygging um 10 metrar með þeim fyrirvara að anddyrisbygging hefur ekki verið endanlega útfærð og er ætlun verkkaupa að listamenn komi að endanlegri hönnun hennar.

Með því að senda tölvupóst á trúnaðarmann er hægt að fá sendar sneiðingar sem sýna umbeðnar hæðir og útvegg meðferðarkjarna. Bent er sérstaklega á að ekki hægt að vinna með útvegg meðferðarkjarna með tilliti til listskreytingar.

Einnig er hægt að fá hjá trúnaðarmanni grunnmynd af torginu sjálfu – þau gögn eru gögn í vinnslu.

Fyrirspurn nr. 6

Er hægt að fá mynd af öllum húsveggjum þar sem anddyrið er staðsett. Veggnum sem snýr að torginu sjálfu.

Svar: Í fylgiskjali „Sóleyjartorg – forval – samantekt á verkefnum NLSH“ er nokkuð góð 3d mynd af þessum austurgafli meðferðarkjarna ásamt tillögu að anddyrisbyggingu. Þá er einnig hægt að nálgast ásýndarmynd austurgafls hjá trúnaðarmanni.